



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Forstöðumenn, starfsmannastjórar og launafulltrúar ríkisstofnana.

Arnarhvoll 150 Reykjavík
kennitala: 550169 - 2829
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/fjr>

Reykjavík 15. desember 2004
Tilv.: FJR04070001/130-1

Varðar túlkun og útfærslu kjarasamningsákvæða um veikindarétt.

Að gefnu tilefni vill fjármálaráðuneytið áréttta þá túlkun og þá framkvæmd sem viðhafa skal við útreikning veikindalauna skv. neðangreindum kjarasamningsákvæðum úr veikindakafla kjarasamninga.

Ákvæðin eru svohljóðandi:

12.2.6 Í fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns greiðast auk mánaðarlauna skv. gr. 1.1.1 í kjara-samningi, fastar greiðslur svo sem fyrir yfirvinnu, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálag og greiðslur fyrir eyður í vinnutíma enda sé um að ræða fyrirfram ákveðinn vinnutíma samkvæmt reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu starfsmanns sem staðið hefur í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi. Í veikindum kennara skal greiða samkvæmt þeirri stundaskrá sem í gildi er eða síðast gildi miðað við upphaf veikinda hans.

12.2.7 Eftir fyrstu viku veikinda- og slysaforfalla eða þann tíma sem svarar til einnar viku vinnuskyldu starfsmanns, skal hann auk launa sem greidd verða skv. gr.12.2.6, fá greitt meðaltal þeirra yfirvinnustunda sem hann fékk greiddar síðustu 12 mánaðarleg uppgjörstímabil yfirvinnu eða síðustu 12 heilu almanaksmánuðina. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari grein skal ekki telja með þær yfirvinnustundir sem greiddar hafa verið skv. gr.12.2.6.

Í ákvæðunum er gerð grein fyrir þeim launum sem skulu greidd í veikindum. Er þar greint annars vegar á milli fastra launagreiðslna sem greiðast frá og með 1. viku veikinda og svo meðaltals annarrar yfirvinnu sem bætist við eftir 1. viku veikinda.

Fjármálaráðuneytið hefur ávallt skýrt grein 12.2.6 með þeim hætti að til þess að greiðslur geti talist til “fastra greiðslna” skv. ákvæðinu þurfi að vera um vinnuframlag eða vinnutíma að ræða sem er fyrirfram ákveðinn vinnutími skv. reglubundnum vöktum eða reglubundinni vinnu, sem

staðið hefur í 12 mánuði eða lengur eða er ætlað að standa a.m.k. svo lengi. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að reglulegar, fastar greiðslur umfram föst mánaðarlaun, haldi áfram eins og vant er allan veikindatímann. Yfirvinna sem ekki uppfyllir skilyrði ákvæðisins telst vera tilfallandi yfirvinna og fellur utan greinar 12.2.6 en innan greinar 12.2.7. Grein 12.2.7 tekur því til tilfallandi yfirvinnu og verður virk þegar veikindi hafa varað samfelld lengur en svarar til einnar viku vinnuskyldu. Undir ákvæðið heyra tilfallandi yfirvinnutímar og allar aukavaktir, sem falla utan greinar 12.2.6. Yfirvinnugreiðslur fyrir vinnu á sérstökum frídögum sem og vaktafrí (bæting) á sérstökum frídögum falla innan greinar 12.2.7 og skulu teknar með í meðaltalsútreikning á tilfallandi yfirvinnu eftir 1. viku veikinda. Greiðslur skv. grein 12.2.7 koma því til viðbótar en ekki í stað greiðslna skv. grein 12.2.6.

Ofangreindur skilningur og túlkun fjármálaráðuneytisins er í samræmi við markmið kjarasamningsákvæða um veikindarétt, samkomulag aðila vinnumarkaðarins um veikindarétt frá 2000 og eldri reglugerðir, þar sem markmiðið var að starfsmenn gætu treyst á að halda nokkurn veginn sambærilegum launum í veikindum og það hafði fullfrískt eftir fyrstu viku veikinda. Sú regla að greiða aðeins það fasta, það sem er óaðskiljanlegur hluti vaktskrárinnar eða vinnuvikunnar, í fyrstu viku veikinda, ber að túlka þröngt og var til þess hugsað að skilja á milli styttri og lengri veikinda.

F.h.r.

Gunnar Björnsson

Sonja María Hreiðarsdóttir

Afrit sent til:

ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, Félag íslenskra flugumferðastjóra, Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands, Stéttarfélag verkfræðinga og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands.